

Raddmenning og málörvun

Um bækurnar

Röddin er persónulegasta hljóðfærið. Hún er hluti af því sem við erum. Hvar værirðu ef þú hefðir ekki röddina? Því miður taka margir röddinni sem sjálfgefinni – þangað til eitthvað bjátar á, t.d. langvarandi hæsi, raddbrestir, lítið raddþol og raddþreyta.

Þriðjungur íslensku þjóðarinnar framfleytir sér á því að leigja rödd sína út í atvinnuskyni, þar á meðal eru kennarar á öllum skólastigum.

Dr. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir (sjá rodd.is), menntaður grunnskólakennari, heyrnar- og talmeinafræðingur með doktorsgráðu í rödd og raddumhirðu hefur í mörg ár látið mikið til sín taka á þessum vettvangi og m.a. gefið út bækur sem snerta þetta og eru nú á tilboði til skóla. Þær eru:

1. TALANDINN

Bókin, sem er sú fyrsta og eina sinnar tegundar hér á landi, varpar á einfaldan, skýran og myndrænan hátt ljósi á þá flóknu líkamsstarfsemi sem myndar rödd og framburð. Fjallað er um það sem getur farið úrskeiðis og þarna má finna æfingar til að hægt sé að meta ástand eigin raddar. Þá eru þarna æfingar til að ná burtu þreytu og/eða stirðleika í tal- og raddfærum. Skólastjórnendur og kennarar, sem hafa kynnt sér efni þessarar bókar og nýtt hana í eigin þágu, hafa lofað hana mjög.

Bókin er 145 bls. í A-4 broti.

Verð: 4.680-.

2. MÁLÖRVUN – STRIK FYRIR STRIK (kemur út september 2020)

Þessi bók hentar fyrir kennslu 4-8 ára og sérlega vel eldri nemendum með ýmis frávík. Bókin þjálfar orðaforða, hlustun, rökhugsun, nákvæmni og fleira. Verkefni eru samvinnumiðuð, þ.e. kennarinn og nemandinn teikna saman, kennarinn þó alltaf á undan. Hver mynd er brotin niður í

frumeiningar og kennari útskýrir á einfaldan en skýran hátt hlutverk eininganna.

„Fyrir bæði mig og nemendur mína hefur þetta skapað skemmtilegar og eftirminnilegar kennslustundir. Verkefnunum er auðvelt að framfylgja, góðar skýringar og punktar sem fylga svo hægt sé að æfa sem mest í einu,“

Sigríður Sigmarsdóttir, Grunnskóla Vestmannaeyja

Bókin er 220 bls. í A-4 broti. Hún er gormuð sem auðveldar mjög flettingar í henni.

Verð: 8.480-.

3. RADDA PADDA SEM EKKI MÁ SKADDA

Fræðandi og myndskreytt sögubók fyrir 4-8 ára börn um valdið sem býr í röddinni og hvað ber að forðast til að skaða hana.

Með bókinni fylgja kennsluleiðbeiningar og svo er hægt að nálgast stuðningsefni við lesbókina á rodd.is, þar á meðal textann lesinn af höfundinum sjálfum.

Sögubókin er 92 bls. í A-4 broti og leiðbeiningarnar eru 24 bls í sama broti. Bækurnar eru báðar gormaðar.

Verð: 7.480-.

4. TÖFRATAPPARNIR

Myndskreytt sögubók fyrir 4-10 ára gömul börn (gæti hentað sem lestrarbók fyrir börn sem eru orðin læs). Bókin fjallar um tvo litla tappa, Töfratappa sem eru að kanna þann hljóðaheim sem býr í mönnum. Þeir klifra upp í munnvikin á síöskrandi strák og skoða talfæri hans. Bókin hefur fengið mjög góða dóma hjá þeim börnum sem hafa lesið hana og þótt hún skemmtileg og fræðandi.

Bókin er 103 bls. í A-5 broti.

Verð: 2.480-.

Heildarverð bókapakkans er 23.120-

Tilboðsverð: 19.900 með sendingargjaldi.

Auk þess fylgja með að gjöf til leikskóla bækurnar vinsælu
Leitið og finnið og **Hvolpasögur ef að bókapakkinn verður fyrir
valinu**. Einnig er að sjálfsögðu hægt að kaupa stakar bækur.

Með von um jákvæð viðbrögð,

F.h. Bókaútgáfunnar Hóla,

Erna Ýr Guðjónsdóttir

holar@holabok.is